Tillaga til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025

Sótt er um stuðning til að sinna

- **Fræðslu fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla um samskipti kynjanna og um foreldrahlutverkið.**
- **Fræðslu og stuðningi fyrir unga verðandi foreldra til að hjálpa þeim að takast á við álagið sem fylgir foreldrahlutverkinu og umönnun ungbarna.**

Greinargerð.

Ótímabærar þunganir, þar sem foreldrar eiga litla sögu saman eða eru mjög ung, eru algengari hér á landi en í löndunum í kringum okkur. Til eru gögn sem gefa vísbendingu um að svo hafi verið öll lýðveldisárin. Það sem við vitum um þennan hóp er að þar eru minni líkur á að samband foreldra haldist og að feður taki þátt í daglegum athöfnum og umönnun barnsins.

Ungir, óþroskaðir foreldrar, sem eiga erfitt með að taka fulla ábyrgð á sambúð og uppeldi barns, eru líkleg til að skilja sem veldur erfiðleikum fyrir barnið og er kostnaðarsamt fyrir samfélagið. Mikill meirihluti alvarlegra geðvandamála á sér stað fyrir tuttugu og fjögurra ára aldur, meiri hætta er á fæðingarþunglyndi hjá báðum foreldrum og það varir lengur.

Foreldrar á þessum aldri eru viðkvæmari fyrir álagi og ágreiningi. Alþjóðlegar rannsóknir sýna tvisvar til þrisvar sinnum meiri hættu á ofbeldi. Einnig eru mun minni líkur á að feður í þessum hóp njóti fæðingarorlofs. Þörf er á aðgerðum til að fyrirbyggja ofbeldi hjá þessum hóp og að feður njóti fæðingarorlofs. Samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna skal huga að því sem er börnum fyrir bestu. Mögulega er aðgerðarleysi stjórnvalda brot á Barnasáttmálanum. Full þörf er á að horfið verði frá aðgerðarleysi og þöggun til aðgerða.

Í rannsókn Ástþóru Kristinsdóttur hjúkrunarfræðings og ljósmóður hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kemur fram að um tuttugu prósent kvenna verði fyrir ofbeldi á meðgöngu af hálfu barnsföður. Það má því segja að meðganga sé áhættuþáttur fyrir heimilisofbeldi. Ef þekking á skaðsemi ofbeldis á meðgöngu er skoðuð er full ástæða til að verja drjúgum hluta fjármagns gegn ofbeldi í úrræði sem fyrirbyggja ofbeldi af þessu tagi.

Ungbörn allt niður í eins árs geta orðið fyrir skaða af því að verða vitni að heimilisofbeldi. Skaði snemma á ævinni getur valdið streitutengdum sjúkdómum á fullorðinsárum, svo sem hjartasjúkdómum eða vímuefnamisnotkun. Fjölþjóðlegar rannsóknir sýna að þegar þroski barns er undir meðallagi fyrsta æviárið er barnið mun líklegra til að dragast enn meira aftur úr næstu árin, frekar en að það nái þeim sem fóru betur af stað.

Vandamál drengja hefjast snemma

Drengir eru í hættu. Í móðurkviði er dánartíðni karlkyns fóstra marktækt hærri en kvenkyns fóstra. Flest allt sem úrskeiðis getur farið í móðurkviði kemur oftar fram hjá karlkyns fóstrum. Barnalæknar sem sérhæfa sig í nýburum vita að meðal fyrirbura farnast stúlkum betur en drengjum við sambærilega meðgöngulengd. Sú staðreynd er minna þekkt að barnshafandi kona undir miklu álagi á frekar á hættu að missa fóstrið sé það karlkyns. Áberandi dæmi um viðkvæmni karlkynsins er að glími foreldri við þunglyndi bregst drengur fyrr við því og á sýnilegri hátt en ef um stúlku er að ræða. Slíkt foreldri er ekki jafn næmt á hegðun og þarfir barnsins og foreldri sem líður vel, sem aftur hefur áhrif á þroska barnsins síðar meir. Eirðarleysi er algengara meðal drengja en stúlkna. Það má að hluta til rekja til líffræðilegra ástæðna, en samfélagslegar hugmyndir um karlmennsku geta átt það til að ýta undir vandann. Karlkynið er veikara kynið.

Tvær afleiðingar þessarar menningarblindu eru m.a. að:

- drengir fá hugsanlega minni athygli og umönnun sem ungabörn en stúlkur þó þeir þurfi jafn mikið - ef ekki meira - á henni að halda.
- þrisvar sinnum fleiri drengir greinast með hegðunarvanda í skólum.
- unglingspiltar og fullorðnir karlmenn leita sér síður aðstoðar þegar erfiðleikar steðja að, en átakanlegustu sönnunargögn þess er hærri sjálfsvígstíðni karla óháð aldri.

Heimild: MENTAL HEALTH TRENDS IN UROLOGY & MEN'S HEALTH MAY/JUNE 2011 www.trendsinurology.com ***Sebastian Kraemer**, FRCP, FRCPsych, FRCPCH, heiðursráðgjafi, Tavistock Clinic-stofnuninni; barna- og unglingageðlæknir, Whittington-sjúkrahúsinu, London*

Ófullnægjandi fjölskyldu- og jafnréttisfræðsla í skólakerfinu og fyrir verðandi foreldra kemur því harðar niður á þroska drengja strax í móðurkviði.

Tillaga okkar er að tvennt þurfi að koma til.

a. Nemendur í 9. bekk grunnskóla fái fræðslu um samskipti kynjanna og foreldrahlutverkið. Undirrituð stóðu fyrir fræðslu árið 2004 fyrir fagfólk sem þjónar þeim tilgangi. Um fjörtíu þátttakendur frá sveitarfélögum víða um land tóku þátt ásamt sérfræðingum frá Landlæknisembættinu. Í framhaldi hefur fræðslan farið fram í um fjörtíu grunnskólum. Fræðslan þjónar þörfum beggja kynja óháð heimilsaðstæðum. Einnig er þörf fyrir fræðslu um séríslenska menningarlega þætti tengda barneignum og mögulegum áhrifum þeirra.

b. Ungir verðandi foreldrar fái fræðslu og stuðning sem þjónar þörfum beggja kynja sem hjálpar þeim m.a. að takast á við álagið sem fylgir foreldrarhlutverkinu og umönnun ungbarna. Undirrituð stóðu fyrir fræðslu fyrir fagfólk sem þjónar þeim tilgangi í samstarfi við alþjóðlega viðurkennda sérfræðinga í forystusveit á heimsvísu á sínu sviði, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík árið 2012. Um níutíu þátttakendur tóku þátt, þar af á þriðja tug sálfræðinga og fjölskyldufræðinga og á annan tug sérfræðinga hjá Geðsviði Landspítalans. Jafnréttisráð kynnti sér úrræði sérfræðingana árið 2009 og mælti með því.

Eftir áratuga umræðu varð fyrst til aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna árið 2007. Tímamótaákvæðið var að foreldrar fyrsta barns fengju fræðslu, m.a. til að fyrirbyggja ofbeldi. Enn bólar ekki á þessum aðgerðum sem voru fyrst nefndar í opinberri aðgerðaráætlun árið 1998.

Í ljósi áskorana varðandi faglegt leikskólastarf sökum skorts á fagfólki og hárri starfsmannaveltu má segja að enn meira reyni á foreldrarhæfni nú en áður.

Árið 2019 var Ísland umfjöllunarefni sökum sterkra stöðu kvenna í stjórnmálum á heimsvísu í heimildarmyndaflokknum Explained á sjónvarpsstöðinni Netflix. Einnig var Ísland umfjöllunarefni í Washington Post sökum veikrar stöðu drengja í skólakerfinu á heimsvísu.
Aðgerða sem óskað er eftir, ættu að þjóna velferð beggja kynja, innan og utan heimils.

Áreiðanleg gögn segja að fjöldi einstakinga stendur ekki undir kröfum foreldrahlutverksins, m.a. vegna vanþekkingar, skilnaða, fíkniefnaneyslu, geðrænna erfiðleika eða þjakandi fjárhagserfiðleika og fátæktar. Stjórmálamenn sem ráðstafa skattfé líta sjaldnast á þroskaferil frumbernskunnar sem hagstærð, en hún er það svo sannarlega. Aðrar þjóðir t.d. Bretar hafa lagt áherslu á slíka forvarnarvinnu og greina hana inn í hagkerfið sem greinilegan sparnað til lengri tíma litið.

Ríkistjórnir áranna 1999 - 2009 styrktu ofannefnt starf um 35 m. kr samtals. Árið 2010 lækkaði styrkurinn um 40% og árið 2011 var hann lagður af. Á þessum árum og á árunum eftir það og til dagsins í dag hafa stöðugt komið fram rannsóknir sem sýna viðkvæmni ungra foreldra og ungbarna. Eins og áður hefur verið nefnt var reynsla af þessu starfi jákvæð og skilaði greinilegum árangri. Full ástæða er því til að koma því góða starfi á aftur og bæta og auka það í samstarfi við sveitarfélög, landlæknisembættið, heilsugæslu og aðra sem koma að umönnun og uppeldi barna.

Reykjavík 22.02.2020

Með vinsemd og virðingu,
Bjarni Þórarinsson
Ólafur Grétar Gunnarsson
Valgerður Snæland Jónsdóttir